

Starfsmarkmið félagsmiðstöðva

Standa fyrir faglegu tómstundastarfi og jákvæðum forvörnum fyrir börn og ungmenni

Fjölbreytni

- Við bjóðum uppá fjölbreytt og þroskandi félagsstarf í heilbrigðu umhverfi svo allir finni eitthvað við sitt hæfi
- Við mætum börnum og ungmennum á fjölbreyttan og uppbyggjandi hátt svo allir fái að njóta sín á jafnréttisgrundvelli
- Við störfum í lýðræðislegum anda, hlustum á skoðanir allra og erum opin fyrir nýjum hugmyndum

Sköpun

- Við gefum börnum og ungmennum tækifæri til þess að virkja hæfileika sína svo styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín
- Við gefum börnum og ungmennum vettvang til þess að sýna frumkvæði, axla ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Við ýtum undir virkni, gagnrýna og skapandi hugsun

Ábyrgð

- Við mætum ungu fólki á þeirra forsendum og sýnum þeim gagnkvæma virðingu og trúnað í samskiptum
- Við erum vakandi yfir þörfum samfélagsins og fræðum, fjöllum um og höfum jákvæð áhrif á unglingana með hin ýmsu málefni
- Við undirbúum börn og ungmenni til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi

Umhyggja

- Við sýnum virðingu og stuðning, leggjum áherslu á virka hlustun og erum til staðar
- Við viljum ná sérstaklega til þeirra sem standa höllum fæti og styðja við þá
- Við virðum trúnað en sinnum tilkynningarskyldunni og tökum þátt í þverfaglegu samstarfi

Mannauður

- Starfsmenn hafi menntun, reynslu og áhuga á starfi með börnum og ungmennum og fjölbreyttan og ólíkan bakgrunn
- Starfsmenn séu sterkir í mannlegum samskiptum og góðar fyrirmyndir í starfi og utan þess
- Starfsmenn sýni frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði í starfi

Samskipti

- Starfsmenn vinni saman að sameiginlegum markmiðum í lýðræðislegum anda í samstarfi við börn og ungmenni
- Starfsmenn séu góðu samstarfi við ýmsa aðila, s.s. foreldra og aðra sem hafa velferð barna og ungmenna að leiðarljósi
- Starfsmenn tryggi gott upplýsingaflæði með því að nýti fjölbreyttar leiðir til þess að koma upplýsingum til skila

Símenntun

- Starfsmenn hafi kost á fræðslu og símenntun sem auki þekkingu þeirra og hæfni
- Fræðsla og símenntun undirbúi starfsmenn undir fjölbreytt verkefni og tryggi faglega starfsþróun og starfsánægju þeirra
- Nýjum starfsmönnum sé boðið upp á markvissan stuðning við upphaf starfs sem er viðhaldið með stuðningi og símenntun

Faglegt mat

- Við nýtum fjölbreyttar aðferðir til að meta gæði og viðhorf til þeirrar þjónustu sem við veitum hjá börnum, ungmennum og foreldrum þeirra
- Við stöndum fyrir könnunum sem miða að því að greina starfsánægju starfsmanna
- Við nýtum rannsóknarniðurstöður til að meta árangur og þróa fyrirbyggjandi verkefni